

**Samningur um stórframkvæmdir**  
**milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfyrirtækja annars vegar**  
**og**  
**aðildarsamtaka Alþýðusamband Íslands**  
**samkvæmt samstarfsamningi þeirra hins vegar frá 22. júní 2007**

**1. Kafli Markmið og gildissvið**

**1.1. Markmið**

Markmið samnings þessa er að tryggja eins og kostur er að framkvæmdaaðilum og verktökum séu ljósar þær kröfur sem gerðar eru á Íslandi um aðbúnað og öryggi starfsmanna, starfskjör þeirra og hlunnindi og hvernig eftirliti er háttað með ráðningarkjörum af hálfu trúnaðarmanna og samningsaðila.

Samningsaðilar telja mikilvægt að við stórframkvæmdir gildi skýrar reglur um eftirlit með ráðningarkjörum og aðbúnaði starfsmanna, sérstaklega í ljósi þess að við slíkar framkvæmdir starfa gjarnan margir verktakar, innlendir og erlendir.

Jafnframt leggja aðilar áherslu á að öryggi starfsmanna og aðbúnaður sé ávallt í samræmi við kröfur laga og kjarasamninga.

Þá telja aðilar mikilvægt að samskipti samningsaðila og einstakra verktaka sem og samskipti verktaka og starfsmanna fylgi ákveðnum reglum.

**1.2. Gildissvið**

**1.2.1. Almenn**

Samningur þessi er hluti kjarasamninga SA og aðildarsamtaka ASÍ og hefur sama gildistíma og þeir. Gilda þeir kjarasamningar um réttindi og skyldur vinnuveitanda og starfsmanna að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum.

Samningurinn nær ekki til starfsmanna sem koma að hönnun, rannsóknum, eftirliti og stjórnun. Samningurinn nær ennfremur ekki til starfsmanna sem vinna aðallega utan framkvæmdasvæðis, t.d. við framleiðslu búnaðar, eininga og aðstöðu.

Starfsmenn sem sinna flutningum á efni, búnaði eða starfsfólki til og frá framkvæmdasvæðinu falla undir samninginn, dvelji þeir í starfsmannabúðum.

#### 1.2.2. Stórframkvæmd

Eftirtaldar framkvæmdir falla undir samning þennan að uppfylltum skilyrðum um umfang:

- a) Virkjun fallvatna/sjávarfalla og jarðvarma ásamt tilheyrandi mannvirkjagerð, (aðrennislagnir, tengivirki og háspennulínur) og önnur umfangsmikil mannvirkjagerð utan höfuðborgarsvæðisins, enda
  - sé áætlaður verktími skv. verksamningi við aðalverktaka a.m.k. 20 mánuðir,
  - fjöldi starfsmanna sem starfa munu á framkvæmdastað sé áætlaður að jafnaði a.m.k. 200 og
  - verksamningur við aðalverktaka, skv. undirrituðum verksamningi, sé a.m.k. að fjárhæð 3 milljarðar.
- b) jarðgangagerð og umferðarmannvirki, enda
  - sé verktími a.m.k. 12 mánuðir og
  - verksamningur við aðalverktaka, skv. undirrituðum verksamningi, sé a.m.k. að fjárhæð 3 milljarðar.

Ef samningur verkkaupa og aðalverktaka uppfyllir framangreind skilyrði, er aðalverktaki bundinn af ákvæðum hans, sem og þeir undirverktakar sem taka að sér einstaka verkþætti á grundvelli samningsins. Sama á við um aðra þá verktaka sem gera verksamninga við sama verkkaupa vegna framkvæmdarinnar. Starfsmenn verktaka eru jafnframt bundnir af ákvæðum samningsins. Starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra falla undir þessa grein.

Verk sem standa skemur en 30 daga falla ekki undir samning þennan.

#### 1.2.3. Verktími

Með verktíma er átt við það tímamark þegar verklegar framkvæmdir eru hafnar, í því umfangi að a.m.k. 50 starfsmenn starfi á framkvæmdastað og þar til þeim er lokið. Framkvæmdum telst lokið í skilningi þessarar greinar ef færri en 25 starfsmenn vinna við lokafrágang.

#### 1.2.4. Verðmæti framkvæmdar

Fjárhæðir skv. gr. 1.2.2. hækka 1. janúar ár hvert skv. hlutfallshækkun byggingarvísitölu.

#### 1.2.5. Fjöldi starfsmanna

Með fjölda starfsmanna skv. gr. 1.2.2. er átt við fjölda þeirra starfsmanna aðalverktaka og undirverktaka hans sem taka beinan þátt í framkvæmdum á framkvæmdasvæði, samningur þessi nær til skv. gr. 1.2.1. og falla undir kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ.

#### 1.2.6. Aðalverktaki

Með aðalverktaka er átt við þann verktaka sem, ásamt undirverktökum sínum, hefur flesta starfsmenn á framkvæmdasvæði.

### 1.3. Aðrar framkvæmdir

Þó framkvæmd teljist ekki vera stórfamkvæmd í skilningi greinar 1.2.2. er framkvæmdaaðila heimilt, við útboð verka eða í samningum við verktaka, að hafa samkomulag þetta sem hluta útboðsskilmála / samningskilmála. Skulu þá verktakar og starfsmenn þeirra vera bundnir af efni samningsins..

Fulltrúum aðildarsamtaka ASÍ í fastanefnd er heimilt að gera samninga við framkvæmdaaðila um að samningur þessi gildi að hluta eða öllu leyti um tiltekna verkframkvæmd.

Verktaka er heimilt að semja við starfsmenn sína um að samningur þessi gildi á meðan þeir starfa við tiltekna framkvæmd. Tilkynna skal fastanefnd um þá samningsgerð.

### 1.4. Upplýsingagjöf um stórfamkvæmdir

Samningsaðilar skulu í samstarfi við stærri framkvæmdaaðila standa að gerð upplýsingaefnis um efni samkomulags þessa ásamt meginþáttum almennra kjarasamninga.

### 1.5. Fastanefnd

Fastanefnd skipuð fulltrúum aðildarsamtaka ASÍ annars vegar og fulltrúum Samtaka atvinnulífsins hins vegar, hefur eftirlit með framkvæmd samningsins á verk tíma stórfamkvæmdar. Sjá nánar 7. kafla samningsins.

### 1.6. Gildistaka

Samningurinn nær ekki til stórfamkvæmda sem boðin hafa verið út fyrir undirritun hans.

## 2. Kafli Sérstakar álagsgreiðslur

## **2.1. Sérstakt álag í stórframkvæmdum**

Við stórframkvæmdir utan þéttbýlis þar sem a.m.k. helmingur starfsmanna, sem samningur þessi nær til og að framkvæmdum koma, dvelur í starfsmannabúðum, sbr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, skal greiða sérstakt álag til þeirra starfsmanna sem falla undir samkomulag þetta, sbr. gr. 1.2.1. Álag skal nema 10% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og myndar ekki stofn fyrir yfirvinnu, vaktaálag eða aðrar álagsgreiðslur.

Með framkvæmdum utan þéttbýlis er átt við að starfsmannabúðum hafi verið komið upp í a.m.k. 20 km fjarlægð frá þéttbýli. Þéttbýli telst skv. samningi þessum vera byggðakjarni með a.m.k. 3000 íbúum.

Álag þetta kemur í stað fjarvistarálags í almennum kjarasamningum, þar sem við á.

Verktaka er heimilt að semja við starfsmenn sína um aðra útfærslu á álagi þessu, s.s. að það sé hluti annarra sérgreiðslna eða bónusa, enda sé ekki um lakari kjör að ræða.

## **2.2. Vinna í jarðgöngum**

Greiða skal starfsmönnum sem ráðnir eru til að vinna við borvinnu (borflokkur) í göngum 20 % álag á laun. Með borvinnu er átt við að borað sé í berg og sprengt. Heilborun ganga með gangaborum fellur ekki undir ákvæði þetta.

Með jarðgöngum er átt við göng fyrir umferð eða vatn og hvelfingar sem jafna má til ganga. Ákvæðið nær ekki annarrar sprengivinnu s.s. vegna skurða, grunna undir mannvirki eða skúta.

Við skal miðað að starfsmenn gangi jöfnum höndum til allra tilfallandi starfa og að neysluhlé verði sveigjanleg og miðist eftir því sem unnt er við eðlileg hlé í vinnslunni og tekin nærri vinnustað.

## **2.3. Flokkstjórar**

Flokkstjórar, sem sérstaklega eru til þess ráðnir skv. samningi þessum að stýra verki, skulu hafa 15% álag, sem reiknast á þann kaup-taxta kjarasamnings sem hann tekur laun eftir.

## **3. Kafli Vinnutími og neysluhlé**

### **3.1. Dagvinna**

Dagvinna skal vera 40 klst. á viku á tímabilinu frá kl. 07:00 til kl. 18:00 mánudaga til föstudaga. Virkur vinnutími, þ.e. dagvinnutími að frádregnum greiddum neysluhléum, er 37 klst. og 5 mín. á viku. Dagvinna

skal vera samfelld. Ef vinna er skipulögð þannig að ekki sé unnið 8 klst. á dag fimm daga vikunnar skal það koma fram í ráðningarsamningi.

Hádegismatartími er ½ - 1 klst. á tímabilinu frá kl. 11:30 til 13:30 og telst hann ekki til vinnutíma.

Kaffihlé í dagvinnu skulu vera tvö, samtals 35 mínútur, og greiðast sem vinnutími. Heimilt er með samkomulagi á vinnustað að fella annað eða bæði kaffihléin niður og styttest þá dagvinnna sem því nemur.

Ef unnið er í matar- eða kaffihléum á dagvinnutímabili greiðist yfirvinna.

### **3.2. Yfirvinna**

Vinna utan skilgreinds dagvinnutímabils skv. gr. 3.1. telst yfirvinna, sbr. þó gr. 3.4. um vaktavinnu. Fyrir vinnu umfram 40 klst. á viku greiðist yfirvinna.

Þegar unnin er yfirvinna skal matarhlé vera kl. 19:00 – 20:00 og 02:00 – 03:00. Réttur til matarhlés miðast við að vinna hefjist a.m.k. 2 klst. fyrir upphaf hlés.

Sé yfirvinna unnin skulu kaffihlé vera kl. 23:00 – 23:20 og kl. 05:00 – 05:20, eða eftir nánar samkomulagi verktaka og starfsmanna. Réttur til kaffihlés miðast við að vinna hefjist a.m.k. 2 klst. fyrir upphaf hlés.

Öll matar- og kaffihlé í yfirvinnu greiðast sem vinnutími. Ef unnið er í hléum greiðist tilsvarendi lengri tími með yfirvinnukaupi.

### **3.3. Vinnulotur**

Auk þeirra vinnukerfa sem kveðið er á um í kjarasamningum þeirra félaga og sambanda sem aðild eiga að samkomulagi þessu, er heimilt að skipuleggja vinnu með þeim hætti að unnið sé samfellt í allt að 10 daga. Á það jafnt við um dagvinnu- sem vaktavinnukerfi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á tveim vikum. Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum frídegi lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga.

### **3.4. Vaktavinna**

Heimilt er að vinna á vöktum þannig að vaktavinna nái til hluta eða allra starfsmanna. Tilkynna skal um upptöku og slit vakta með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Vaktir standi eigi skemur en 10 daga.

Heimilt er að vinna í 5 til 10 daga samfellt á vöktum. Vaktir skulu ekki vera lengri en 12 klst.

Vaktaálag skal vera sem hér segir:

35% álag á tímabilið kl. 16:00 – 24:00 mánudaga til föstudaga

55% álag á tímabilið kl. 08:00 – 24:00 laugardaga og sunnudaga

60% álag á tímabilið kl. 00:00 – 08:00 alla daga

Neyslúhlé á hverri átta stunda vakt skal vera 35 mín. sem skiptist eftir samkomulagi verktaka og starfsmanna. Séu vaktir lengri eða styttri breytist neyslúhlé hlutfallslega. Á 12 klst. vöktum skal neyslúhlé þó vera 60 mínútur.

Fyrir vinnu umfram 40 klst. á viku að meðaltali greiðist yfirvinnukaup.

Ef verktaki óskar þess að vaktaskipti fari fram á vinnusvæði til að starfsmenn skiptist á upplýsingum um framgang vinnunnar og vinna stöðvast ekki á meðan, skal greiða sérstaklega fyrir vinnu umfram vaktina.

### **3.5. Bakvaktir og gæsluvaktir**

3.5.1. Sé nauðsynlegt að mati vinnuveitanda að viðhafa bakvaktir og/eða gæsluvaktir, skal það gert með samkomulagi við viðkomandi starfsmann. Þeir starfsmenn sem eru á bakvakt eða gæsluvakt mega ekki yfirgefa viðkomandi starfsmannabúðir eða gæslusvæði.

3.5.2. Bakvaktir skulu framkvæmdar á eftirfarandi hátt:

a. Frá því vinnu lýkur að kvöldi þar til vinna hefst aftur að morgni næsta dags. Fyrir bakvakt greiðist einn dagvinnutími fyrir hverja þrjá bakvaktartíma.

b. Sé starfsmaður á bakvakt kallaður til starfa, ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma, sem unninn er, þó aldrei minna en þrjár klst. fyrir útkall.

3.5.3. Gæsluvaktir á helgum og helgidögum

Starfsmenn á gæsluvakt skulu ekki vinna að beinum framleiðslutörfum, en þeim ber að sinna eftirlits- og umsýslustörfum svo sem með búðum, vinnustöðum, tækjum, vatnsælum, steypuvökum, og/eða upphitun steypu og steypuefnis, veðurathugunum og öðrum tilfallandi smáverkefnum og viðhaldi. Fyrir þessar vaktir greiðist 15 yfirvinnutímar á sólarhring, enda greiðist ekki sérstaklega fyrir unna tíma.

### **3.6. Vinna um jól eða páska**

Liggja skal fyrir með tveggja mánaða fyrirvara hvort unnið verði um jól eða páska og þá hversu langt leyfi verður tekið. Hvað aðra frídaga varðar skal það koma fram á vakta- eða úthaldstöflu hverju sinni.

### **3.7. Vinna á frídegi**

Sé fyrirhugað að vinna á degi sem er frídagur starfsmanns skv. skráðu vinnufyrirkomulagi, skal það skipulagt með minnst þriggja daga fyrirvara nema sérstaklega brýna nauðsyn beri til annars. Starfsmaður skal á engan hátt gjalda þess þótt hann vilji ekki vinna á frídegi sínum.

### **3.8. Laun óveðursdaga**

Felli vinnuveitandi niður vinnu sökum veðurs, efnisskorts eða annarra orsaka, sem starfsmenn eiga enga sök á, greiðist fullt dagvinnukaup og vaktaálag ef við á.

### **3.9. Vinnuskýrslur**

Vinnuskýrslur skulu færðar daglega. Vinnuskýrslum skal ekki breytt án samráðs við starfsmann. Sé þess óskað, er verkstjóra skylt að gera starfsmönnum grein fyrir tímaskrift hverju sinni.

Tímaskýrslur skulu vera aðgengilegar á vinnustað fyrir hlutaðeigandi starfsmann og/eða fulltrúa viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ, sé yfirtrúnaðarmaður ekki ráðinn.

### **3.10. Flutningur starfsmanna í mötuneyti**

Verktaki skal skipuleggja flutning starfsmanna frá einstökum vinnusvæðum í mötuneyti með þeim hætti að allir starfsmenn fái fullan umsamdann matartíma.

### **3.11. Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma**

Við útreikning á hámarksvinnutíma, sbr. 6. og 8. gr. samnings ASÍ og SA frá 30. des. 1996, er heimilt að miða við 12 mánaða tímabil, frá janúar til desember.

## **4. Kafli Um aðbúnað, hollustuhætt og öryggi**

#### **4.1. Almennt**

4.1.1. Verktaki ber ábyrgð á því að komið sé á kerfisbundnu vinnuverndarstarfi á framkvæmdastað er hafi það að markmiði að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum. Í því efni skal atvinnurekandi og starfsmenn hans fylgja ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga, svo og ákvæðum kjarasamninga.

Vinnufatnaður og öryggisbúnaður sem atvinnurekandi lætur starfsmönnum í té á grundvelli fyrirmæla í lögum og/eða þessu samkomulagi skal vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

4.1.2. Um skipan og hlutverk öryggistrúnaðarmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga.

#### **4.2. Vinnufatnaður**

4.2.1. Á tveggja vikna fresti skal starfsmönnum lagður til hreinn og heill ytri vinnufatnaður af viðeigandi stærð. Tegund vinnufatnaðar ákvarðast með tilliti til þeirra starfa, sem unnin eru. Séð skal um hreinsun þeirra á kostnað vinnuveitanda. Vinnuföt eru eign vinnuveitanda.

Við aðstæður sem krefjast sérstaks hlífðar- eða öryggisfatnaðar skal hann tiltækur til afnota fyrir starfsmann. Hér er m.a. átt við vinnu þar sem unnið er með málningu og sérstök efni, á óþrifalegum stöðum, við útvinnu í kulda eða vatnsveðrum. Vinnuveitandi á þennan fatnað og er heimilt að merkja hann.

4.2.2. Í óþrifatilfellum, þar sem verkefni eða vinnustaður, orsaka óvenjulega óhreinkun eða slit vinnufata, skulu starfsmenn fá vinnufatnað oftast en tilgreint er í 4.2.1. og klæðist óskemmdum vinnufatnaði m.a. til að minnka slyshættu.

4.2.3. Starfsmönnum sem vinna við rafsuðu, grófgerð járníðnaðarstörf, bergborun, víraskiptingar og í allri byggingavinnu, skal leggja til vinnuvettlinga og/eða skinnhanska eftir því sem þörf krefur. Við rafsuðu skulu starfsmenn auk þess sem að ofan greinir fá skinnsvuntu til hlífðar.

4.2.4. Starfsmenn í bergborun, steypuvinnu, við hreinsun steypumóta, járnabindingar og tjöruvinnu skulu auk þess sem að ofan greinir fá til afnota regnföt (stakk og buxur). Starfsmönnum í steypuvinnu og tjöruvinnu skal leggja til gúmmístígvél með öryggistá og sóla.

4.2.5. Starfsmenn sem vinna við bergborun, byggingavinnu, bifvélavirkjar, járnsmenn, málm- og rafiðnaðarstörf skulu lagðir til öryggisskór eða öryggisstígvél eftir því sem við á þeim að kostnaðarlausu. Um öryggisbúnað í öðrum störfum fer skv. reglum um notkun persónuhlífa.

4.2.6 Ef geymslur undir vinnufatnað eru settar upp úti á vinnusvæðum skulu þær þannig búnar að vinnufatnaður starfsmanna sé þurr í upphafi vinnudags.



### **4.3. Klæðnaður starfsmanna í mötuneyti og við ræstingu**

Starfsmenn í mötuneyti og við ræstingar skulu ávallt vera snyrtilegir og nota eingöngu við starf sitt sérstök föt, sem ekki eru notuð til annars. Við eldhússtörf skulu þeir jafnan klæðast sérstökum ljósum fötum og ávallt nota höfuðskýlur, enda leggi vinnuveitandi til slík föt. Starfsmönnum skal séð fyrir svuntum, hönskum og skóm eftir þörfum.

### **4.4. Trygging fatnaðar og muna**

Vinnuveitandi skal brunatryggja fatnað og nauðsynlegan búnað starfsmanna á vinnustað. Verði starfsmenn fyrir tjóni á fatnaði og munum við vinnu, svo sem gleraugum og úrum, skal það bætt að fullu samkvæmt mati. Sama gildir um tjón af völdum bruna eða kemískra efna. Þó eru peningar ekki tryggðir. Ofangreind tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta tjón ef það verður vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.

### **4.5. Flutningur starfsmanna innan framkvæmdasvæðis og milli framkvæmdasvæðis og starfsmannabúða.**

Atvinnurekandi skal, þar sem þörf er talin á, sjá um flutning starfsmanna að og frá vinnusvæðum í öruggum og nægilega rúmgóðum farartækjum. Ef starfsmenn komast ekki af vinnustað þegar að vinnu lokinni sökum vöntunar á farartækjum eða af öðrum ástæðum, sem þeim er ekki um að kenna, skulu þeir halda fullu kaupi, meðan á biðtíma stendur og þar til þeir hafa verið fluttir á ákvörðunarstað sinn.

### **4.6 Hjúkrunargögn og hjúkrunaraðstaða**

4.6.1. Aðalverktaki skjal sjá um að algengustu og nauðsynlegustu sjúkragögn, lyf og aðstaða fyrir fyrstu hjálp séu fyrir hendi á framkvæmdasvæðinu.

4.6.2. Í þeim tilvikum þar sem vinnusvæði er í meiri fjarlægð en 50 km frá næstu heilsugæslu skal vera til staðar hjúkrunarfræðingur/bráðaliði eða þjálfaður sjúkraliði, fáist hjúkrunarfræðingur/bráðaliði ekki, enda starfi a.m.k. 100 menn á svæðinu. Verktaki skal leggja þeim til góða og örugga aðstöðu.

4.6.3. Bifreið skal vera á staðnum, sem hæf er til sjúkraflutninga og með viðeigandi útbúnaði til ferðalaga í snjó og annarri ófærð.

4.6.4. Á staðbundnum vinnusvæðum, í bifreiðum verkstjóra og vinnuskúrum skal vera sjúkrakassi, sem inniheldur venjuleg sjúkragögn til aðgerða við slys. Sjúkrabörur, spelkur og annað slíkt skal vera á helstu vinnusvæðum. Sjúkrakassar skulu vera í vörslu og á ábyrgð verkstjóra og undir eftirliti hjúkrunarfræðings, sé hann til staðar.

#### **4.7. Öryggisnefnd**

Öryggisnefnd skv. 8. gr. reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006, skal sett á fót í upphafi verkframkvæmda.

Aðild að öryggisnefnd eiga:

- a) Öryggisverðir einstakra verktaka.
- b) Öryggistrúnaðarmenn.
- c) Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdastigi verks, skv. 6. gr. reglugerðar um reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996.
- d) Yfirtrúnaðarmaður, sé hann ráðinn.

Öryggisnefnd er heimilt að boða fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits á fund öryggisnefndar og aðra aðila eftir því sem ástæða er til. Einstakir nefndarmenn skulu koma óskum sínum um boðun framangreindra aðila á framfæri við formann nefndar.

Heimilt er að boða fulltrúa einstakra verktaka á fund öryggisnefndar ef mál eru þeim tengd. Heimilt er að skipa fleiri en eina öryggisnefnd ef umfang framkvæmda kallar á það.

Trúnaðarmönnum er heimilt að snúa sér til öryggisnefndar með hvers konar kvartanir og ábendingar um útbúnað og annað er varðar öryggi starfsmanna og á sama hátt er atvinnurekanda heimilt að gera athugasemdir og kvartanir um notkun öryggisbúnaðar.

#### **4.8. Útköll**

Ávallt skulu a.m.k. tveir menn svara útkalli, sé um einangruð störf að ræða, enda sé enginn starfsmaður á viðkomandi vinnustað.

#### **4.9. Vinnustaðaskilríki**

Starfsmenn aðalverktaka og undirverktaka skulu bera vinnustaðaskilríki á byggingarvinnustöðum, sbr. samkomulag ASÍ og SA þar af lútandi.

### **5. Kafli Starfsmannabúðir**

#### **5.1. Almennt**

Séu starfsmannabúðir, mötuneyti og önnur aðstaða fyrir starfsmenn sett upp á vinnusvæði af hálfu verktaka skulu þær uppfylla kröfur heilbrigðisyfirvalda, lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæði þessa samkomulags.

## **5.2. Frítt húsnæði**

5.2.1. Starfsmenn sem hafa fasta viðveru á vinnustað í hverju úthaldi skulu hafa frítt húsnæði. Að jafnaði skal vista starfsmenn í eins manns herbergjum.

5.2.2. Í undantekningartilvikum er heimilt að vista starfsmenn í tveggja manna herbergjum. Herbergi þessi skulu vera nægilega rúmgóð og tryggt að starfsmenn sem deila herbergi þurfi ekki að sofa þar á sama tíma. Við upphaf verkframkvæmda, á meðan smíði starfsmannabúða stendur, er þó heimilt að vista tvo á sama tíma í herbergi.

5.2.3. Í hverju herbergi skal auk almenns búnaðar vera lesljós yfir svefnstæði og myrkvunargluggatjöld.

Í starfsmannabúðum skal vera setustofa útbúin sjónvarpstæki og sætum fyrir íbúana. Leitast skal við að koma upp annarri afþreyingu eftir því sem við á.

5.2.4. Hver starfsmaður skal hafa læsta geymslu fyrir föt og aðra persónulega muni. Herbergi skulu vera læsanleg. Skipta skal á sængurfatnaði eigi sjaldnar en á tveggja vikna fresti. Starfsmenn hafi aðgang að gjaldsíma og internet tengingum í starfsmannabúðum.

Í svefnskálum starfsmannabúða skal vera nægilega stór hlífðarfatageymsla og aðstaða til þurrkunar á vinnufatnaði.

Í alla svefnskála starfsmannabúða skal setja upp viðvörunarkerfi, sem samþykkt er af Brunamálastofnun ríkisins. Kynna skal starfsfólki meðferð eldvarnartækja og halda skal að jafnaði á hálfis árs fresti, vor og haust, námskeið í hjálp í viðlögum og almennum brunavörnum fyrir verkstjóra og trúnaðarmenn.

## **5.3. Frítt fæði**

5.3.1. Starfsmenn sem starfa samkvæmt samkomulagi þessu skulu hafa frítt fæði. Með fæði er átt við morgunmat og tvær máltíðar á dag og brauð og/eða annað meðlæti í kaffihléum.

Þeir starfsmenn sem ekki búa í starfsmannabúðum skulu þó einungis fá frítt fæði sem tengist vinnutíma þeirra hverju sinni.

Þegar frídagar / frívaktir eru teknir á framkvæmdasvæði skal vinnuveitandi sjá starfsmönnum fyrir fríu fæði og húsnæði.

5.3.2. Ef verktaki hefur ekki tök á því að láta aka starfsmönnum á föstum vinnustað í mötuneyti í kaffihléum (sú þau tekin) skal hann setja upp kaffiaðstöðu úti á vinnusvæðum. Starfsmenn skulu hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu/salerni úti á vinnusvæðum.

#### **5.4. Bað- og hreinlætisaðstaða**

Í hverjum svefnskála starfsmannabúða skal vera nægileg bað- og hreinlætisaðstaða þ.e. ekki fleiri en 10 menn um hverja sturtu, svo og nægilega stór hlífðarfatageymsla og aðstaða til þurrkunar á vinnufatnaði.

#### **5.5. Kaffistofur og vinnuskúrar**

Í kaffistofum og vinnuskúrum úti á vinnusvæðum skal vera hreinlætisaðstaða, borð og stólar.

#### **5.6. Ræsting**

Dagleg ræsting skal vera í kaffiskúrum og kaffistofum, matarskálum og salernum.

#### **5.7. Umferð við starfsmannabúðir**

Skipulag starfsmannabúða skal vera með þeim hætti að ekki verði ónæði af umferð í námunda við svefnskála starfsmanna.

#### **5.8. Bilanir og ófyrirséð óhöpp**

Nú verður rafmagnslaust, eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp henda, þannig að ekki er hægt að halda 10° C hita í svefnskálum og/eða jafnframt nauðsynlegri matseld og ekki er séð fyrir að lausn fái næstu 8 klst., og skal þá skylt að sjá starfsmönnum fyrir fari til upphitaðra híbýla og aftur á framkvæmdastað, þegar eðlilegt ástand hefur skapast. Starfsmenn haldi dagvinnulaunum í þessum tilfellum.

### **6. Kafli Trúnaðarmenn stéttarfélaga**

#### **6.1. Val og störf trúnaðarmanna**

6.1.1. Félagsmönnum aðildarsamtaka ASÍ, sem starfa samkvæmt þessu samkomulagi, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á framkvæmdasvæðinu í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanna með hvers konar óskir og kvartanir viðvirkjandi ófullnægjandi aðbúnaði eða öðru, sem þeir telja ábótavant.

Trúnaðarmönnum er skylt að meta slíkar óskir eða kvartanir og komist þeir að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða óskir viðkomandi hafi við rök að styðjast, ber þeim að snúa sér til atvinnurekanda eða fulltrúa hans, t.d. verkstjóra með umkvörtun eða kröfu um lagfæringu.

6.1.2. Trúnaðarmenn skulu hafa til afnota sameiginlegt skrifstofuherbergi ásamt síma og tölvu með nettengingu og sé herbergi þetta undir stjórn yfirtrúnaðarmanns. Einnig skulu þeir fá aðstöðu til fundahalda í samráði við yfirtrúnaðarmann og fulltrúa vinnuveitanda.

6.1.3. Yfirmenn skulu einu sinni í mánuði hið fæsta, halda fund með trúnaðarmönnum (eða hluta þeirra) til að ræða og leysa úr vandamálum sem fyrir kunna að liggja. Fulltrúi atvinnurekanda á fundum þessum hafi vald til ákvörðunartöku fyrir hönd síns fyrirtækis.

6.1.4. Trúnaðarmenn skulu halda fullum eðlilegum launum miðað við reglulegan vinnutíma þótt þeir verði að fara frá vinnu vegna starfa sinna sem trúnaðarmenn, þar með taldir fundir, sem óhjákvæmilegt er að yfirtrúnaðarmaður boði vegna eðlilegra starfa trúnaðarmanna enda séu slíkir fundir ákveðnir í samráði við stjórnendur og raski ekki vinnu óeðlilega, svo og samningafundir við endurnýjun kjarasamninga.

6.1.5. Um rétt trúnaðarmanna til að sækja námskeið fer samkvæmt kjarasamningi aðildarsamtaka ASÍ.

6.1.6 Um réttindi og skyldur trúnaðarmanna fer að öðru leyti samkvæmt lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938.

## **6.2 Yfirtrúnaðarmaður**

6.2.1. Þeim landsamböndum og félögum sem aðild eiga að þessu samkomulagi er heimilt að ráða sameiginlegan fulltrúa, sem gegni störfum yfirtrúnaðarmanns starfsmanna á framkvæmdasvæði gagnvart verktökum og verkkaupa.

6.2.2. Landsamböndin og félögin greiða laun yfirtrúnaðarmanns.

6.2.3. Verkkaupi leggur yfirtrúnaðarmanni til fæði, fullnægjandi starfsaðstöðu, þ.e. skrifstofuherbergi með nauðsynlegum húsgögnum, síma og tölvu með nettengingu. Ef yfirtrúnaðarmaður hefur fasta viðveru á framkvæmdastað skal verkkaupi leggi honum til herbergi.

6.2.4. Yfirtrúnaðarmaður hefur sömu stöðu og trúnaðarmaður starfsmanna hvað varðar fundi með starfsmönnum og aðgang að framkvæmdasvæði / starfsmannabúðum.

6.2.5. Verktökum ber að hafa samband við yfirtrúnaðarmann, eða trúnaðarmenn stéttarfélaganna hafi yfirtrúnaðarmaður ekki verið ráðinn, fái þeir vitneskju um aðstæður sem haft gætu í för með sér

vandamál eða ágreining. Á sama hátt skal yfirtrúnaðarmaður hafa samband við verktaka í slíkum tilfellum. Finnist ekki lausn skal leggja málið fyrir fastanefnd.

6.2.6. Heimilt er að fela yfirtrúnaðarmanni verkefni sem taki til fleiri stórframkvæmda á sama tíma.

## **7. Kafli Fastanefnd**

### **7.1. Skipan**

Á framkvæmdatíma starfar fastanefnd skipuð sex fulltrúum samningsaðila. Af hálfu aðildarsamtaka ASÍ skal hún skipuð fulltrúum samninganefndar ASÍ og fulltrúa stéttarfélaganna sem mestra hagsmuna hafa að gæta á því svæði þar sem verkframkvæmdir fara fram. Samtök atvinnulífsins skipa þrjá fulltrúa í fastanefnd.

### **7.2. Verkefni**

Hlutverk fastanefndar er:

- a) að vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga um laun og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningum hlutaðeigandi aðildarsamtaka ASÍ.
- b) að stuðla að úrlausn ágreiningsmála sem upp kunna að koma milli verktaka og starfsmanna.
- c) að ræða um önnur þau málefni sem fulltrúar aðildarsamtaka ASÍ hafa umboð til að fjalla um á vettvangi fastanefndar.

Ef ágreiningur eða vafi er um túlkun einstakra ákvæða þessa samkomulags skal leita úrskurðar nefndar SA og ASÍ.

Fulltrúum aðildarsamtaka ASÍ í fastanefnd er heimilt að gera samninga við verktaka um frávík frá samningi þessum.

Framkvæmdaaðila / verkkaupa er heimilt að leita eftir álit fastanefndar á því hvort samningurinn eigi við um fyrirhugaða framkvæmd. Álit skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því beiðni barst fastanefnd.

### **7.3. Fundir**

Fastanefnd hittist reglulega meðan verkframkvæmdir standa yfir. Fastanefnd ákveður nánari fyrirkomulag funda og setur sér starfsreglur.

Fastanefnd er heimilt að kalla fulltrúa verkkaupa, einstakra verktaka, yfirtrúnaðarmann, fulltrúa þeirra aðildarsamtaka ASÍ sem sækja að jafnaði ekki fundi fastanefndar og aðra þar til bæra aðila á sinn fund, eftir því sem nauðsyn krefur.

#### **7.4. Upplýsingaskylda**

Fastanefnd óskar eftir upplýsingum frá verkkaupa um þá verktaka sem koma að verkframkvæmdum, hve margir starfa á vegum þeirra og um þjófðerni þeirra.

Um upplýsingaskyldu verktaka gilda að öðru leyti málsmeðferðarreglur samkomulags ASÍ og SA um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004. Yfirtrúnaðarmaður skal njóta sömu stöðu og trúnaðarmaður skv. samkomulaginu.

#### **7.5. Sameiginleg fastanefnd**

Heimilt er að skipa eina fastanefnd sem starfi samkvæmt framansögðu fyrir fleiri en eina stórframkvæmd.

#### **Fylgiskjal I**

Samningsaðilar hvetja framkvæmdaaðila, opinbera aðila sem einkaaðila, sem bjóða út verk sem telst vera stórframkvæmd í skilningi samkomulags þessa, að taka eftirfarandi upplýsingar og skilmála inn í útboðsskilmála vegna hlutaðeigandi framkvæmda:

- Samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjófðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því sviði er samningurinn tekur til. Á það einnig við um launamenn hjá atvinnurekendurnum sem standa utan samtaka atvinnurekenda eða hafa ekki sjálfir gert kjarasamninga við stéttarfélög. Samningar einstakra launarnanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamninga ákveða eru ógildir og ekki bindandi fyrir starfsmann.
- Sérreglur gilda um erlenda starfsmenn sem sendir eru til Íslands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Samkvæmt lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra skulu starfsmenn þeirra eiga rétt skv. íslenskum kjarasamningum hvað varðar lágmarkslaun og aðra launabætti, yfirvinnugreiðslur og réttindi til orlofs og orlofslauna. Einnig ber að virða reglur um

hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma. Í lögum er kveðið á um rétt þeirra til launa í veikinda- og slysafellum og til slysatrygginga.

- Í verksamningum við undirverktaka skal aðalverktaki áréttta að starfsmenn þeirra skuli njóta þess aðbúnaðar sem íslensk lög og kjarasamningar kveða á um.
- Starfsmenn aðalverktaka og undirverktaka skulu bera vinnustaðaskilríki, sbr. samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskilríki..
- Aðalverktaki og undirverktakar skulu í öllu hlíta ákvæðum samkomulags ASÍ og SA um stórfamkvæmdir. Á það m.a. við um þátttöku í starfi samráðsnefndar, upplýsingagjöf um ráðningarkjör starfsmanna o.fl.

Reykjavík 17.02 2008